

Ágúst Einarsson, prófessor  
Fyrirlestur á námskeiði Félags tónlistarskólakennara  
20. ágúst 2001 í Skálholti.

## **Hagkerfi - menning - tónlist.**

Mig langar til að byrja á dálítið óvanalegan hátt miðað við hvaðan ég kem. Ekki svo að skilja að það sé nokkuð óvanlegt úr því umhverfi sem þið komið.

- Fluttur þáttur úr óperunni Aida eftir Verdi -

Það þarf ekki að segja ykkur hvað þetta var og við gætum sjálfsagt eytt deginum og það væri ekkert nýnæmi fyrir ykkur að hlusta á Verdi og hans óperu en ég var ekki að spila þessa tóna hér vegna þess að ég vildi leika fyrir ykkur fallega tónlist það er bara hluti af því heldur ætla ég að byrja á því að ræða við ykkur um að þarna vorum við að hlusta á svolítið meira heldur en fallega tónlist.

Verdi dó 1901. Það er hundraðasta ártíð hans á þessu ári alveg eins og við höfum fylgst með. Verdi varð býsna gamall. Hann var fæddur 1813 að mig minnir og það gekk á ýmsu hjá honum. Það er alkunn sagan að hann féll á inntökuprófi í tónlistarháskólann í Milano en hann varð síðan eins og margir segja stórkostlegasta óperuskáld heimsins allavega höfum við séð hans verk koma aftur og aftur.

Óperan Aida sem við vorum að heyra kaflann úr á líka afmæli því að í ár eru 130 ár frá því að Aida var frumflutt og það vildu margir gera lag úr henni að þjóðsöng Egypta á sínum tíma þegar hún fyrst heyrðist og vinsældirnar eru ykkur öllum kunn.

Þetta er ekki bara tónlist sem við vorum að heyra og það var ekki bara tónlist sem Verdi bjó til heldur var þetta miklu stærri hlutur sem gerðist í hans umhverfi og í hagkerfinu sem að ég er að ræða hér um svo að ég kalla þetta: Hagkerfi, menning og tónlist.

Verdi var, eins og á við um flesta tónlistarmenn, þó ekki alla, einyrki. Það er áberandi með marga listamenn að þeir eru einyrkjar, vinna út af fyrir sig, tónlistarmenn, rithöfundar, ljóðskáld.

Sumir vinna í hópum þegar þeir koma að því að flytja það sem hefur verið skapað af öðrum, hljómlistarmenn flytja tónlist tónskálds, leikarar flytja leikrit leikskálds. Verdi fékk greitt fyrir vinnu sína laun og það var eins og var í þá daga og er ennþá að sjaldnast var braut tónskálda stráð þykkum peningabúntum. Það var ekki í þá tíð og hefur ekki breyst í neinum grundvallaratriðum síðan þá.

Það er svo margt sem gerðist og hefur verið að gerast sem fylgir sköpuninni á Aidu. Hlutir sem við hugsuðum ekkert um þegar við vorum að hlusta á þetta og þið hafið kannski ekki heldur velt mjög mikið fyrir ykkur þegar þið eruð að kenna tónlist, tala um tónlist og vinna í því umhverfi.

Það er margt í hagkerfinu sem á sér stað, útheimtir störf fólks, laun greidd. Það er verið að prenta. Það eru hljómsveitir, það eru hljóðfæri. Það þarf að byggja hljómleikahús, það eru salir, það eru söngvarar, það eru kórar. Ég tel hér upp nokkur atriði. Það er sviðsfólk, stjórnendur og það er ekki bara fólk sem kemur alveg að tónlistinni. Það þarf að hugsa um viðhald hljóðfæra, hljómleikasala. Það eru verkamenn, plötur, diskar. Það er framleiðsla í kringum þetta, sjónvarp, útvarp. Ekkert var til reyndar á þeim tíma þegar þetta varð til, byggingar og margt fleira.

Upp úr þessari sköpun Verdis á þessu tónverki eða á einhverju öðru eða upp úr sköpun einhvers tónskálds skiptir engu máli hvaðan og raunverulega ekki á hvaða tíma heldur, þá er sprottin gífurleg umsvif í hagkerfinu og miklu meiri heldur en almennt gerist um listgreinar.

Tónlistin hefur að mörgu leyti sérstöðu í þessu. Það er á hverju einasta ári, það er í hverjum mánuði og á hverjum degi, einhvers staðar í heiminum verið að, annaðhvort að spila Verdi, færa hann upp eða þessa óperu sem við erum að tala um hér. Það er einhvers staðar hagræn umsvif út frá þessu verki sem var frumflutt fyrir 130 árum. Það er þetta sem gleymist oft í umræðunni að starf þess sem er að fást við tónlist kallar á mjög mikið annað sem gerist í umhverfinu. Það er langur vegur frá 19. öld, þetta gerðist á 19. öld og það er sífelld verðmætasköpun að eiga sér stað og mun eiga sér stað enn áfram. Við vitum ekki hve lengi en það er alltaf að verða til verðmæti við það að miðla tónlist til þeirra sem vilja heyra hana.

Ef við lítum aðeins á hér hlut sem ég ætla að sýna ykkur, þ.e. hagkerfið. Ég ætla ekki að gera ykkur að hagfræðingum á þessum tíma sem við höfum hér en ég ætla að reyna að gera það að þið áttið ykkur á því sem er að gerast í hagkerfinu.

Við erum með það sem er ekki svo flókið þegar við förum að hugsa um það vegna þess að ósjálfrátt erum við þátttakendur í hagkerfi og skiptum þátttakendunum þannig að það eru einstaklingar og heimili. Það er ein liðsveitin sem er í hagkerfinu. Önnur liðsveitin eru fyrirtæki. Þið þekkið þetta hvorutveggja. Þið eru einstaklingar eða heimili, þ.e. hópur, persónurnar, svo vinnið þið í fyrirtækjum eða verslið í fyrirtækjum, gerið ýmislegt í fyrirtækjum og svo er þriðji aðilinn, ríkisvaldið - opinbert vald.

Það eru ekkert fleiri sem eru leikendur á þessu sviði. Það er líka í hagkerfinu alveg eins og í leikriti eða tónlist, þetta er eins og hljóðfærin sem hvert á sitt hlutverk. Þetta er nákvæmlega það sama sem gerist í hagkerfinu innan hagfræðinnar, þar eiga menn líka hlutverk og þar er líka ákveðið regluverk sem menn fara eftir.

Við tölum líka um það þar sem við tölum um fyrirtækin og ég ætla að reyna að tengja það við eitthvað sem er að gerast í tónlist. Þá segjum við að í fyrirtæki þá er eitthvað sem er í innri starfsemi þess, það getur verið bókhald, starfsmannahald eða eitthvað þess háttar, rekin plötuútgáfa og við erum að útvega okkur framleiðsluþætti. Hvað gerir plötuútgáfa? Jú, hún þarf að hafa samband við tónskáld, útvega sér tónlist til að geta framleitt, sett á disk og selt á því sem við köllum afurðamark. Þetta er ekkert öðruvísi. Það eru einhver aðföng sem koma inn í fyrirtækið, hvort sem það er sköpun tónskáldsins eða vinna tónlistarmannsins og síðan kemur út úr því einhver afurð sem einhver er tilbúin til að kaupa eða hlusta á og sem að þið þekkið og öll hafið tekið þátt í einhvers konar tónleikahaldi. Þá eruð þið á afurðamarkaði, að selja ykkar afurð. Selja með þeim hætti að þið eruð á launum við það eða fáid greitt fyrir á einhvern annan hátt. Þetta er nákvæmlega eins og gerist í öllum fyrirtækjum í hagkerfinu. Nákvæmlega eins og við tölum um ytri umgjörð. Það er enginn eyland í hagkerfinu ekkert frekar en að það er enginn eyland í tónlist. Það er afskaplega þröngt sjónarhorn í tónlistinni og líka í hagkerfinu ef maður er ekki að skoða það sem er í kringum sig það sem starfsfélagarnir innanlands eða erlendis eru að gera. Þess vegna eruð þið hér í þessu seminari í þrjá daga að þið eru að kynna ykkur á margskonar hátt eitthvað sem aðrir hafa verið að gera. Það gera fyrirtæki líka.

Við erum að framleiða tónlist á einhvern máta, þarf ekki endilega að vera á disk, getur verið hljómlaikahald. Kennsla út af fyrir sig er jafnmikil framleiðsla eins og að búa til ál. Enginn munur. Allir eru að skapa verðmæti í hagkerfinu.

Hér er nefnt hugtak eins og áhættu-óvissuáðstæður, leikjafræði. Þetta eru

hugtök innan hagfræðinnar, en þegar þið hugsið aðeins um það, um hvað fjalla þessi hugtök þá eru þau ekkert að segja okkur annað heldur en að það er óvissa fólgin í öllu sem menn eru að gera innan hagkerfisins og það er líka óvissa fólgin í öllu sem þið eruð að gera í ykkar lífi. Það er óvissa fólgin í því sem þið eruð að starfa á listasviði og það er kannski meiri óvissa en oft áður.

Svo kemur þar sem fyrirtæki sjá um eitthvað framboð og það mætir eftirspurn frá einstaklingi. Nákvæmlega eins og Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur tónleika. Hún er fyrirtæki eða stofnun, þar sem vinna fjölmargir hljóðfæraleikarar. Þeir koma, bjóða fram sína tónlist og það kemur mikið af fólki, hlustar á tónlistina, greiðir fyrir það fé, sem síðan rennur til hljóðfæraleikaranna og í annan kostnað og þetta er nákvæmlega það sama og ég var að lýsa hvað hefði gerst með Aidu Verdis í þessi 130 ár. Þetta er að gerast á hverjum einasta degi og þið eruð á einhvern máta líka þátttakendur í því. Nákvæmlega eins og þið vinnið í skóla, eruð kennarar, þá eruð þið hluti af, ekki beint fyrirtæki í sama skilningi og t.d. Eimskipafélagið, heldur eruð þið fyrirtæki eða stofnun og þið eruð að bjóða fram menntun með ykkar starfi. Hverjir eru að spyrja eftir, jú eftirspurnin kemur frá einstaklingum, kemur frá börnum, þetta mætist. Stundum verður að finna verð á þetta í öðrum tilvikum er það erfiðara.

Þið sjáið að það er engin vandi að fella ykkar umgjörð inn í það sem gengur og gerist í hagkerfinu. Við erum með alls konar hluti sem hringja bjöllum, markaðshorf, skipulag og stjórnun innan fyrirtækis. Auðvitað þarf að selja hluti, skipuleggja hluti og stjórna hlutum. Þetta er gert innan fyrirtækja, alveg sama á hvaða sviði slíkt er. Alveg eins og við þurfum fjármál, upplýsingar og verslun á alþjóðlegum markaði. Við gerum þetta allt saman við afurðir sem tengjast tónlistarsviðinu.

Við erum með lykilhugtak hér sem við köllum hegðun neytenda. Það er mjög mikilvægt þegar við hugsum um tónlistina því að hegðun neytendanna skapar eftirspurnina. Sumir vilja hlusta á þetta aðrir vilja hlusta á annað. Ég fer betur í það á eftir að sýna ykkur hvað hefur verið skoðað á því sviði hverjir vilja hlusta á klassík, hverjir vilja hlusta á dægurlög. Þetta er allt hægt að skoða og ræðst af þessu grunnur, hegðun neytenda. Nákvæmlega eins og smekkur ykkar er mismunandi. Langanir og væntingar endurspeglar ólíka eftirspurn. Þið þekkið þetta ef þið hugsið um í ykkar fjölskyldu, á ykkar heimili sem er hópurinn sem hagfræðin vinnur út frá, þá þarf oft að ná samkomulagi um væntingar og langanir. Vafalítið er oft tekist á innan fjölskyldunnar um hvert á að fara að borða, hvað á að borða, hvert á að fara í frí og það er að gerast líka í þessu og mótar þessa hugsun sem við erum hér að lýsa.

Einstaklingar tengjast ríkisvaldi á margs konar máta og við erum með áhrifaþætti, það er margt sem við erum að gera, sumt hefur jákvæð áhrif eins og t.d. menning og listir, sem er hluti menningar. Þössum okkur á því að listir eru hluti menningar. Menning er stærra hugtak, nær yfir fleira en listirnar einar. Alveg eins og tónlist er ein listgrein af nokkuð mörgum.

Þið sjáið þar sem ríkisvaldið kemur inn í og fléttast inn í starfsemi fyrirtækja og hefur alls konar tengsl við einstaklinga, t.d. í kringum skatta og þá koma þættir og hugtök í fréttum sem menn átta sig kannski ekki alltaf eins og t.d. verið að tala um landsframleiðslu og eitthvað svoliðis. Með því er verið að tala um verðmætasköpunina í hagkerfinu. Það eru allir að leggja sitt til verðmætasköpunar, þið eruð að gera það með ykkar kennslu, sá sem vinnur á sjúkrahúsinu í ummönnun, kennarinn upp í Háskóla, fiskverkakonan á Kópaskeri. Það eru allir að leggja sinn skerf til landsframleiðslunnar og við munum síðar aðeins sjá hvernig hagar til með menninguna og framlag menningarinnar á því sviði.

Einmitt ríkisvaldið kemur inn í þætti til að sjá til að allt gangi vel fyrir sig og þarf að stuðla að hluti eins og hagvexti. Hagvöxtur er ekkert annað en aukning verðmætasköpunar. Galli á hagfræðinni er að hún er stundum að nota hugtök sem liggja ekki alltaf í augum uppi. Menn eru stundum of gjarnir á að útskýra þau alveg námkvæmlega en það skilja allir hvað verðmætasköpun er. Ef ég kaupi eitthvað á 100 kr. og bý til eitthvað úr því eitthvað verðmæti á 120 kr. þá er verðmætasköpunin 20 kr. Þetta er ekkert flóknara. Það er hægt að gera hagfræðina flókna en það er líka hægt að líta á þessa einföldu strauma og einföldu þætti t.d. út frá þessari atvinnugrein sem við erum hér að tala um þannig að við sjáum að við getum fellt ykkar starf inn í þessa almennu lýsingu á hagkerfi og allt þetta sem þessi mynd sýnir fjallar hagfræðin um, hvort sem það er þjóðhagfræði sem lítur þá þætti í tengslum við ríkisvald eða rekstrarhagfræði sem skoðar mikið tengsl í kringum við fyrirtæki.

Mig langar líka að benda á að þessir þættir hagkerfi, menning, tónlist, þessir hlutir eru að breytast gífurlega mikið. Breytingarnar sem eru að eiga sér stað í okkar umhverfi þær snúa ekki bara að því sem þið eruð að gera heldur öllum. Þið hafið stundum heyrt talað um hið nýja hagkerfi. Með því eigum við við að það er að breytast allt hagkerfið sem ég var að lýsa áðan.

Það er að breytast þannig að núna er aðal framleiðsluþátturinn þekking. Áður hvar aðal framleiðsluþátturinn einhvers konar hráefni. Við skiptum

framleiðsluþættinum þannig að við tölum um vinnuafli, þ.e. vinnuframlag, við tölum um fjármagn, einshvers konar vélar og tæki og peninga og við tölum um náttúruauðlindir, fiskur í sjó, olía í olfulindum eða eitthvað þess háttar. Nú hins vegar erum við að segja að þessir framleiðsluþættir eru allir mjög mikilvægir en það er að koma til að einn af þessum þáttum er farinn að vera miklu sterkari en annað og það er þekkingin. Það er þessi gífurlega mikla breyting sem hefur verið að eiga sér stað síðustu 10 til 15 árin sem er líklega alveg sambærileg við breytinguna sem gerðist fyrir 250 árum. Upp úr 1750 þegar iðnbyltingin - gufuaflið - átti sér stað. Það gerðist gífurlega mikið á þessum árum eða frá svona 1760 til 1820. Þá er gufuaflið virkjað í verksmiðjuframleiðslu. Þá missir aðallinn og kóngarnir völdin, borgirnar stækka og það verður borgarasamfélag. Það verða tvær byltingar sem að breyta og við búum að enn þann dag í dag. Það er bandaríska byltingin 1776 og sú franska 1789. Þetta gerist á innan við mannsaldri. Svo koma strax í kjölfarið Napóleón-styrjaldirnir þar sem landakortið í Evrópu er teiknað upp á nýtt.

Ég hef haldið fram þeirri kenningu að þessar breytingar sem gerast þarna á 40 til 50 árum, að það séu að gerast sambærilegar breytingar um þessi aldamót. 1989 þegar múrinn féll, þá stokkaðist upp allt stjórnmalakerfið á vesturlöndum og reyndar í öllum heiminum og þessi mikla tæknibreyting sem er að eiga sér stað allar götur síðan og áður og líklega 10 til 20 ár fram í tímann. Kannski stöndum við á sams konar tímamótum og fólk stóð við aldamótin 1800. Það er ýmislegt sem bendir til að ýmislegt sé að gerast, maður og vélar, þetta sé að tengjast saman.

Við þekkjum framfarirnar í gerfigreind. Við vitum að það er búið að smíða vélar sem vinna alla menn í skák, þetta hefur alltaf verið notað sem mælikvarði á að það þarf þessa hugsun. Við sjáum líka að það eru komin ný vísindi sem við þekktum ekki fyrir örfáum árum, erfðavísindin og sennilega er stutt í það að menn finna tónlistargenin. Það sé hægt að finna hvað er það sem ræðu því að menn geta skapað tónlist, spilað tónlist eða gert eitthvað með tónlist og það þarf ekki að segja það í þennan hóp að arfgengi í kringum tónlist eru engin ný sanningi en það verður vafalítið hægt að sýna fram á hvað veldur þessu arfgengi.

Nákvæmlega eins og allar okkar erfðarannsóknir, öll hugmyndafræði Íslenskrar erfðagreiningar byggjast á mjög einfaldri skoðun sem er rétt að allir sjúkdómar í meginatriðum séu arfgengir. Það er líklega rétt að þetta með arfgengi tónlistargáfunnar, sem þarf ekki hér að skýra, að breytingar sem eiga sér stað eru að við erum farin að vinna með allt öðru vísi hugtökum en við gerðum fyrir 15 til 20 árum. Ég veit ekkert hvar við endum í þessu. Það eina sem ég hef á tilfinningunni er að mér finnst við

standa á einhvers konar tímamótum. Á krossgötum er hægt að fara í margar áttir. Ég hef engan vegvísir í því. Það er ýmislegt sem að skapar sérstöðu í og ég vil benda að skólakerfið og menntakerfið sem er hið jákvæða. Það verður að miðla þekkingu og færni í gegnum skólakerfið áfram. Við erum með opinbera skóla og við erum með einkaskóla. Það er dálítið sérstakt með tónlistina að hún hefur verið rekin mjög lengi og ekki bara síðustu áratugi og hér á landi, utan opinbers kerfis.

Tónlistarskólar sem listskólar eru mjög gamlir. Það er mjög langt síðan, margar aldir að menn settu upp sérstaka tónlistarskóla. Menn hafa ekki enn þann dag í dag sett upp sérstaka skóla fyrir rithöfunda eða leikritaskáld. Þeir skólar eru ekki til enn þann dag í dag. Auðvitað er ágætt núna fyrir þá sem hafa áhuga fyrir að fara í íslensku að læra það.

Tónlistin hins vegar, vegna þess að hún blandar saman, það gera svo sem fleiri greinar, innsæi og sköpun og færni eða tækni. Tónlistin hefur í skólakerfi, sem sérstökum skólum innan íslenska skólakerfisins, að ýmsu leyti margvíslega sérstöðu og eftir því sem ég hef kafað meira í þetta því heillaðri verð ég af þessu formi listsköpunar. Þetta er auðvitað eitt form listsköpunar. Ekkert æðra en eitthvað annað en sérstæðara. Margvísleg. Jákvæð ytri áhrif. Við segjum að það sé ýmislegt í hagkerfinu sem eru jákvæð áhrif á aðra og þar með stuðla ósjálfrátt að verðmætasköpun.

Menntun er svona dæmi.

Gagnhugtak er mengun. Ef mengun eykst þá dregur það úr verðmætasköpun. Þá tölum við um neikvæð ytri áhrif. Það er þess vegna sem almannavaldið eða við, reynum að koma í veg fyrir mengun. Tónlist og menning almennt hefur jákvæð áhrif. Vegna þess að menningin og tónlist gerir hlut sem ekki bara er að auka verðmætasköpunina, sem við mælum í krónum og aurum, hins vegar er svo margt í menningu sem eykur vellíðan. Það mælum við ekki í krónum og aurum. Við höfum aldrei gert það. En það er hluti af þessum jákvæðu ytri áhrifum að hún hefur jákvæð áhrif utan mælanlegs ávinnings í hagkerfinu. Hér er tónlistin sú listgrein sem hefur hvað lengsta reynslu á þessu sviði. En þetta á auðvitað við um aðrar listgreinar, bókmenntir, leiklist list almennt. Það er almennt vanmetið vegna þess að það er ekki hægt að setja efnahagslegan mælikvarða á það nema að hluta.

Tónlist við vinnu á heimili, menn eru ekki bara að setja tónlist í heyrnartól fólks í færibandavinnu. Ekki halda að það sé góðmennska vinnuveitanda að láta menn hafa aðgang að heyrnartólum til að geta hlustað á tónlist við vinnuna. Það er ekki góðmennska. Þetta eykur afköst. Menn hafa lært þetta. Þetta er bara skynsemi fyrir vinnuveitendur

að gera þetta. Við viljum draga strik undir það að þetta eykur framleiðnina og afköst og hefur jákvæð áhrif.

Hér nefni ég hlut sem kollega minn Þórólfur Þórlindsson hefur verið að skoða og rannsaka, þ.e. tengsl milli hlustunar á tónlist og alls konar neikvæðra þátta í samfélaginu eins og t.d. fíkniefnaneyslu. Hann hefur fundið það út það samhengi að eftir því sem að yngra fólk hlustar meira á tónlist og er aktívara í því umhverfi þeim mun minni hætta er á því að það ánetjist einhvers konar fíkniefni. Þetta er mun merkilegur hlutur. Hann er að vinna að þessu og hefur greint frá því í svipuðu umhverfi og hér er. Gerði það á fundi tónlistarkennara í Reykjavík. Þetta sýnir það að það er margt óskoðað í sambandi við þetta umhverfi. Það er líka hægt að segja að það sé erfitt og auðvelt að skapa tónlist. Nú mynduð þið segja að það er alltaf erfitt. Það er ekki svo það er bæði erfitt og auðvelt. Tæknilega er erfiðara að búa til skó. Skórinn er ekki flókin. Mikið þarf af verkfærum, töluverða kunnáttu og mikinn tíma. Að búa til lag þarf eitt hljóðfæri og hugsun og skapandi hugsun. Aðkoman er ólík. Í báðum tilfellum er verið að framleiða vöru. Þetta á í sjálfu sér við um alla vöru.

Sum er auðvelt annað útheimtir aðra eiginleika. Opinber vara og einkavara. Ýmislegt verðum við sameiginlega að framleiða og standa að rekstri á. Viti er dæmi. Getur einkaaðili rekið vita. Nei. Hann hefur ekki ávinning af því. Hann getur ekki rukkað neinn. Eins er með umferðarljós.

Fjölmargir þættir í samfélaginu sem að einkaaðilar geta innt af hendi en fjölmargir aðilar í samfélaginu þar sem einungis almannavaldið, opinberir aðilar verða að gera vegna eðli þeirrar framleiðslu sem þar á sér stað. Nákvæmlega eins og með umferðarljósið. Það dettur engum í hug að einhver annar heldur en opinber aðili reki umferðarljós. Til skamms hefðu menn sjálfsagt talið það útilokað að einhver annar en opinberir aðilar tækju að sér að reka vegi en við við höfum séð að það er hægt að hugsa sér aðra útfærslu á vegum, Hvalfjarðargöngin eru þannig.

Varðandi þætti sem snúa að jákvæðum ytri áhrifum, þá hefur almannavaldið ekki aðeins siðferðilegar skyldur til að stuðla að velgengni þeirra heldur beinlínis ávinning af því. Það er þessi klassíska spurning sem hafa deilt um. Á almannavaldið að halda uppi Sinfóníuhljómsveit?

Fyrir utan siðferðilega skyldu með því að vilja teljast menningarþjóð að bjóða upp á slíka umgjörð eins og aðrar menningarþjóðir gera, þá til viðbótar þeim almennu rökum þá er hægt til viðbótar að sýna fram á að tónlist hefur jákvæð ytri áhrif. Ósjálfrátt leiðir hún til þess vegna eðli

hennar að verðmætasköpun eykst í umhverfinu og þann veg eru komin viðbótarrök fyrir almannavaldið að vera með framleiðslu á því sviði.

## Rannsóknir

Menn eru að skoða þessa hluti. Það er komin sérgrein innan hagfræðinnar sem heitir menningarhagfræði og menn eru að skoða hluti. Tvær rannsóknir eru teknar hér með.

Þar er verið að skoða. Hlusta menn á klassíska tónlist eða dægurtónlist. Hér er verið að skoða vísindalega. Ég fullyrði að ekki hefur þetta verið skoðað hér. Þetta er hægt að skoða vísindalega með mælitækjum sem vísindagreinarnar eins og t.d. hagfræðin lætur í té.

Frá 1966 sem er elsta könnunin kemur í ljós. Hlustendur voru miðaldra, með góða menntun og góðar tekjur. Meðalaldur var 39 ára. Þetta var staðfest 1992. Síðan kemur könnun 1994. Allt erlendur kannanir. Efri hluti miðstéttar, meira fyrir lægri millistétt og millistétt og lágstétt og nú þurfum við að passa okkur svolítið á þessum hugtökum sem eru notuð. Þau eru notuð í greiningu þjóðfélaga erlendis. Okkur finnast þetta skrítn hugtök. Millistétt og hástétt. Okkar stéttlitla þjóðfélag býður ekki upp á þessi hugtök. Okkar stéttlitla þjóðfélag er einsdæmi í heiminum. Við erum með öðruvísi stéttaskiptingu. Hún er eftir menntun og eftir tekjum. Það er eins og erlendis.

Hér er könnun frá 1996. Þar réð það af menntuninni fyrst og fremst hver var sóknin á tónleika og hlustun á tónlist í hljóðvarpi og þetta borið saman við Íra. Þar kom í ljós sem ruglaði matið að þar var þjóðlagatónlistin sú sterka írska hefði í þjóðlagatónlist. Hlutirnir eru ekki einfaldir.

Japönsk rannsókn. Þar komu mjög ster skil milli kynslóla. Eldri kynslókni hugsaði allt öðruvísi. Hér er stuðst við tölfræðilegar aðferðir. Stillt upp tilgátum. Eru hópar eins og það er prófað út frá skoðanakönnunum og niðurstöðum og gefin ákveðin líkindi fyrir að fullyrðing sé rétt og það er munur á því heldur en að ræða þetta út frá tilfinningu.

Ég er að sýna þetta til að benda á að það er verið að glíma þetta út frá tölfræði. Tæki eru notuð til að mæla svona hluti.

Spænsk könnun var gerð. Flokkaði hlustun og áhuga út frá kyni, aldri, menntun, hjúskaparstöðu, fjölda barna, fjölda klukkutíma innan

heimilisins, stærð búsetusvæðisins, t.d. borg og þorp, þátttaka í atvinnulífi og þarna sést aðferðarfræði. Þarna er hægt að komast að því hvers konar fólk hefur áhuga á einstökum þáttum tónlistar. Ein niðurstaða rannsóknarinnar var sú að ef þú hlustar á músík þá aðhyllistu bæði klassíska og dægurlagamúsík. Þetta er e.t.v. ekki hinn stóri sannleikur, en athyglisvert vegna þess að menn hafa dregið skil milli þessara þátta. Að hærri aldur þýddi minni hlustun á dægurlög staðfestir e.t.v. okkar tilfinningu. Aukin menntun leiddi til meiri hlustunar bæði á klassíska og dægurtónlist. Aukin menntun þýðir aukin áhuga.

Ég hef ekki skoðað hvort aukin menntun þýðir aukin áhuga á leiksýningum, lestur bóka, hugsanlega, fullyrði ekki um það. Kyn eða hjúskaparstaða sýndi engan mismun milli hópa sem hlustuðu á klassík eða dægurlög. Háar tekjur sýndu meiri áhuga fyrir klassík, húsmæður hlustuðu mikið á músík.

Skýrir hugtök eins og lægri fórnarkostnað. Spænska rannsóknin sýnir að þar sem mikill hluti er af heimavinnandi húsmæðrum. Þær hafa mikinn tíma til að hlusta á músík. Svæðisbundin munur var á milli borga og sveita.

Sambærileg könnun hefur aldrei verið gerð hér á landi. Aldrei verið kortlögð. Hér er þetta hægt að gera. Önnur rannsókn fjallar um alþjóðlega verslun í listum. Það er líka til að draga fram hvernig flokkun við list. Við fjöllum um list en hana er hægt að flokka. Hvernig myndum við flokka list?

Í fyrsta lagi það sem er flutt beint. Tónleikar, leikrit, óperur, listdans. Það sem gerist á staðnum. Innan hagfræðinnar þ.e. framleiðsla og eftirspurn gerist á sama tímamarki. Ekkert á lager. Maður fer á tónleika eða maður fer ekki á tónleika.

List sem ekki er hægt að fjölfalda, t.d. málverk og höggmyndalist. Kannski hægt að taka myndir en ekki hægt að fjölfalda verkin sjálf. Í þriðja flokknum segir að kopiera nákvæmlega þessa list aftur og aftur. Bókmenntir eru eins og hægt að prenta í upplagi, tónlist er hægt að fjölfalda og kvikmyndir líka.

Þetta er samt öðruvísi á nálgun á framboði. Hægt að flytja beint út. Með diskinn er öðruvísi aðkoma. Tæknilega auðveldara. Kvikmyndir, er þær komu héldu menn að leiksýningar leggjast af. Með plötum héldu menn að tónleikahald leggjast af en það gerðist ekki.

Þetta bætir hvert annað upp.

Við erum að tala um mjög mismunandi aðkomu. Dæmi um vísindaleg vinnubrögð eru að flokka hluti niður til að að eiga auðveldar með nálgun til að t.d. að velta fyrir sér markaðssetningu.

“Allir” geta spilað Beethoven en aðeins Björk syngur sannan “Björksöng”.

Munurinn er sá að annaðhvort er þetta orginal og hvenær skiptir þetta máli. Hvorutveggja á sinn markað með sína eftirspurn. Sköpun, framleiðsla og dreifing innan lista í sjálfu sér einföld framsetning.

Staðkvæmni. Skipta á pepsi og kók. Myndavél og filma koma ekki í staðinn fyrir annað. Verða notaðar saman.

Að hvaða leyti er þetta einstakt eða að hvað miklu leyti mettast eftirspurn með einhverri annarri listsköpun.

Nóbelsverðlaunahafi í hagfræði sagði:

„Því meiri músík sem fólk heyrir því meiri þekkingu hefur það og því meiri þekkingu sem það hefur þeim mun meiri áhugi er á tónlist í framtíðinni.“

Aukin notkun eða neysla eykur það innbyggða neyslu. Myndir úr glærum fylgja en tíminn vinnst ekki til að fjalla um þær. Menning í hagkerfi með almennum hætti.

Til umhugsunar.

List og menning er líklega mikilvægasta tæki til friðar.

Átök hafa einkennt sambúð mannsins. Menningarleg samskipti stuðla ekki að átökum. Tónlistin er líklega fyrsta alþjóðlega listgreinin. Tónlistin, takturinn berst á milli þjóðflokka. Auðveldast að miðla henni á milli.

Menningararfleifðin skiptir sköpun um hvernig menn ætla að lifa í heiminum. Ekkert sjálfgefið. Ein leið er menningararfleifð. Yfir 200 lönd eru í heiminum. Yfir 7000 tungumál. 1000 eru töluð af 99% jarðarbúa. Ekki er hér talað um mállýskur. 300 mikilvægustu eru töluð af 95% jarðarbúa. Á hverjum degi deyr tungumál. Á hverjum degi

deyr tónlist og hverfur úr arfleifð mannsins.

Fjölbreytnin er svo mikil og sérstaklega á jaðrinum. Íslenska þjóðlagaarfleifðin er hún nægilega varðveitt? Það er hægt að færa rök fyrir að menningin er ankerið fyrir því að hér var búið frá 13. öld fram á 19. öld. Þessi 50 þúsund manns.

Fólk skrimti. Það að það skrimti var tilfinningin að vera þjóð vegna bókmenntahefðarinnar og fá sjálfsvirðingu fyrir einstaklingnum  
Tónlistin elsta tæki til samskipta einfaldlega vegna þess að hljóð og taktur er undanfari málsins. Þannig byrjar þetta allt. Hvernig að þetta þróast er að náttúran, samfélagið og tíminn hafa fyrst og fremst fundið leið og ég líki þessu við risavaxið púsluspil sem allt í einu fellur svo vel saman. Skipulagða samfélagið fellur allt saman. Þræðir ganga í gegnum þetta allt saman.

Lokaorð mín eru að ég fullyrði að tónlistin er einn af þessum þráðum sem hafa fylgt mannum allt frá upphafi allar götur til dagsins í dag.

Takk fyrir.